

## D Ó M U R

Héraðsdóms Vestfjarða 8. febrúar 2007 í máli nr. S-40/2006:

### Ákærvaldið

*(Ólafur Hallgrímsson fulltrúi)*

**gegn**

**X**

*(Tryggvi Guðmundsson hdl.)*

Mál þetta, sem dómtekið var 15. janúar sl., höfðaði lögreglustjórinn á Ísafirði með ákæru 25. ágúst 2006 á hendur ákærða, X [---];

„fyrir eignaspjöll, með því að hafa einhvern tíma í desember 2003, sem ábyrgðarmaður áramótabrennu á Hauganesi, Skutulsfirði, í heimildarleysi látið færa bátinn Ingu Hrönn ÍS-100, eign Hannesar Hvanndal Arnórssonar, kt. [---], af geymslusvæði við Ísafjarðarhöfn á Hauganes þar sem báturinn var notaður sem efniviður í brennu og hann brenndur 31. desember 2003.

Telst þetta varða við 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. l. 82/1998.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar.“

Ákærði gerir aðallega þær kröfur í málinu að hann verði sýknaður af kröfum ákærvaldsins, en til vara að hann verði dæmdur til vægustu refsingar sem lög frekast heimila og allur sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði, þar með talin hæfileg málsvarnarlaun verjanda til handa.

I.

Með bréfi 25. apríl 2005 óskaði Svavar Guðmundsson, fyrir hönd Hannesar Hvanndal Arnórssonar, eftir því við sýslumanninn á Ísafirði að hann hlutaðist til um rannsókn á afdrifum bátsins Ingu Hrannar ÍS-100, skipaskrárnúmer 1220. Í bréfinu kom fram að báturinn hefði verið á geymslusvæði Ísafjarðarhafnar um nokkurt skeið en eiganda bátsins, nefndum Hannesi Hvanndal, nýverið borist vísbendingar um að ákærði hefði tekið bátinn af geymslusvæðinu um áramótin 2003/2004 og notað hann sem efnivið í áramótabrennu Ísfirðinga. Þá aðgerð kvað bréfitari hafa verið án vitundar og samþykkis eiganda bátsins.

Fimmtudaginn 27. október 2005 kom ákærði á lögreglustöðina á Ísafirði til skýrslugjafar. Fram kom hjá ákærða að hann hefði verið einn þeirra sem annaðist

áramótabrennu í Skutulsfirði á gamlársdag árið 2003 og hann jafnframt verið ábyrgðarmaður brennunnar eins og árin þar á undan, sbr. framlagt afrit leyfisbréfs sýslumannsins á Ísafirði frá 22. desember 2003. Ákærði sagði einn bát hafa verið brenndan á áramótabrennunni þetta ár, bát sem Þórður G. Hilmarsson hefði lagt til brennunnar.

Þórður G. Hilmarsson gaf skýrslu vegna málsins hjá lögreglu 6. júní 2006. Kom fram hjá Þórði að hann hefði um hríð átt Ingu Hrönn ÍS-100 með Hannesi Hvanndal Arnórssyni. Síðar hefði báturinn verið tekinn upp af starfsmönnum Ísafjarðarbæjar þar sem hann hefði verið orðinn fullur af sjó og að því kominn að sökkva í Ísafjarðarhöfn. Fyrir áramótin 2003/2004 sagði Þórður ákærða síðan hafa haft samband við sig vegna bátsins. Neitaði Þórður að hafa gefið ákærða leyfi til að setja bátinn á brennuna.

Í málinu liggur fyrir uppboðsafsal sýslumannsins á Ísafirði frá 29. júlí 2002. Með skjalinu var eignarhluta Þórðar G. Hilmarssonar í Ingu Hrönn ÍS-100 afsalað til Hannesar Hvanndal Arnórssonar. Var uppboðsandvirði eignarhlutans 90.000 krónur.

## II.

Fyrir dómi sagði ákærði það rétt að hann hefði látið færa Ingu Hrönn ÍS-100 á áramótabrennu á Hauganesi í Skutulsfirði í desember 2003, en bátinn sagði ákærði á umræddum tíma hafa verið í algerrí óreiðu og hann ónýtur. Ákærði kvaðst hafa talið sig hafa heimild eiganda bátsins, Þórðar G. Hilmarssonar, til að taka bátinn og ráðstafa honum, en bátinn hefði Þórður sagt vera ónýtan. Síðar hefði hins vegar komið í ljós að Þórður hefði ekki lengur verið eigandi bátsins er hann veitti ákærða heimildina. Spurður um af hverju hann hefði talið Þórð eiganda bátsins vísaði ákærði til þess að Þórður hefði verið skráður eigandi bátsins í Sjómannaalmanakinu. Þá kvaðst ákærði hafa þekkt Þórð vel og vitað að hann var „... í kringum þennan bát, við vissum alveg það“.

Fram kom hjá ákærða að hann hefði notið aðstoðar Þorbjörns Steingrímssonar við að taka bátinn af geymslusvæði Ísafjarðarhafnar og færa hann á brennuna.

## III.

Hannes Hvanndal Arnórsson sagðist fyrir dómi aldrei hafa gefið fyrir því leyfi að báturinn Inga Hrönn ÍS-100 yrði tekinn af uppsátrinu og brenndur. Kvaðst vitnið ekki vita til þess að neinn hefði gefið slíkt leyfi.

Vitnið sagði þá Þórð G. Hilmarsson hafa keypt bátinn í félagi. Upp úr þeirra samstarfi hefði hins vegar slitnað og af þeim sökum hefði ekki til þess komið að þeir gerðu bátinn út. Vitnið kvaðst hafa skoðað bátinn fyrir kaupin og hann þá verið nýsaumaður og með tveggja til þriggja ára gamla nýupptekna vél.

Fram kom hjá vitninu að þegar báturinn hefði verið búinn að vera í um eitt til eitt og hálf ár í Ísafjarðarhöfn hefði Eimskip séð um að hífa bátinn upp á kæjann. Hefði þetta verið gert að frumkvæði hafnarvarðar, en að fengnu samþykki vitnisins. Fullyrti vitnið að báturinn hefði verið á floti í höfninni áður en hann var hífður á land.

Nokkrum mánuðum síðar kvaðst vitnið hafa komið vestur og litið á bátinn og þá séð að búíð var að brjótast inn í hann og taka úr honum sjálfstýringuna. Neitaði vitnið aðspurt að hafa gefið nokkrum manni heimild til þess að taka muni úr bátnum. Fram kom hjá vitninu að það hefði ekki kannað ástand bátsins sérstaklega við þetta tækifæri.

Vitnið upplýsti að það hefði ekkert athugað með ástand bátsins eftir að það eignaðist hann að öllu leyti og í raun eiginlega ekkert sinnt bátnum frá því að þeir Þórður festu kaup á honum og þar til hann var brenndur. Vitnið sagði Þórð hins vegar fram til þess að upp úr samstarfi þeirra slitnaði hafa haft mann á Ísafirði sem hugsað hefði um bátinn.

Sérstaklega aðspurt kvaðst vitnið ekki vita betur en öll tæki hefðu verið í bátnum er hann var brenndur, að sjálfstýringunni slepptri samkvæmt áðursögðu.

Þórður G. Hilmarsson bar fyrir dómi að hann hefði á sínum tíma fest kaup á bátnum Ingu Hrönn ÍS-100 ásamt Hannesi Hvanndal Arnóssyni. Upp úr samstarfi þeirra hefði hins vegar slitnað, líklega tæpum tveimur mánuðum eftir að þeir keyptu bátinn, og ekkert orðið af útgerð hans á þeirra vegum. Hefði eignarhluti vitnisins í bátnum að lokum endað á uppboði, að kröfu Hannesar Hvanndal, sem keypt hefði eignarhlutann á uppboðinu.

Eftir að upp úr samstarfinu slitnaði sagði vitnið bátinn hafa legið í höfninni á Ísafirði. Sérstaklega aðspurt kvaðst vitnið hvorki hafa sjálft fjarlæggt tæki úr bátnum né gefið öðrum til þess leyfi. Spurt um hvort það vissi til þess að sjálfstýringin hefði verið fjarlægð úr bátnum kvaðst vitnið ekkert um það vita, „... báturinn var hérna og ég í bænum.“

Vitnið sagði ákærða einhverju sinni hafa hringt í sig og falast eftir bátnum á áramótabrennu. Fram kom hjá vitninu að á þeim tíma hefði báturinn líklega enn verið skráður á vitnið í Sjómannalmanakinu, svo og tryggingar bátsins. Vitnið kvaðst hafa upplýst ákærða um að það hefði misst bátinn á uppboði og hefði því ekkert lengur með hann að gera.

Theódór Theódórsson, starfsmaður Ísafjarðarhafnar og fyrrverandi sjómaður, lýsti atvikum máls svo fyrir dómi að báturinn Inga Hrönn ÍS-100 hefði verið í hirðuleysi í höfninni á Ísafirði í talsverðan tíma. Þegar báturinn hefði verið orðinn fullur af sjó, og við það að sökkva, hefðu starfsmenn hafnarinnar tekið þá ákvörðun að leita eftir aðstoð frá starfsmönnum Eimskips og hífa bátinn á land. Honum hefði síðan verið komið fyrir á geymslusvæði við höfnina.

Þegar báturinn hefði verið fluttur af geymslusvæðinu og á brennuna sagði vitnið sér hafa verið tjáð að annar eigandi bátsins, Þórður G. Hilmarsson, hefði gefið leyfi fyrir töku hans. Vitnið sagði bátinn þá hafa verið orðinn handónýtt fúabrak. Þá sagði vitnið mann, sem haft hefði í hyggju að taka búnað úr bátnum, hafa tjáð sér að hann hefði gripið í tomt, búíð hefði verið að hirða allan búnað úr bátnum. Vélina kvað vitnið reyndar enn hafa verið í bátnum, en ástand hennar áleit vitnið ekki geta hafa verið beysið eftir að hafa verið meira og minna á kafi í sjó.

Fram kom hjá vitninu að það hefði ítrekað reynt að hafa samband við Þórð G. Hilmarsson vegna hafnargjalda en með litlum árangri. Til hins eiganda bátsins, Hannesar Hvanndal Arnórssonar, hefði vitnið aldrei náð.

Guðmundur M. Kristjánsson greindi svo frá fyrir dómi að um mitt ár 2002 hefði hann verið ráðinn hafnarstjóri á Ísafirði. Báturinn Inga Hrönn ÍS-100 hefði þá verið á svokölluðu uppsátri á Suðurtanga.

Vitnið, sem taldi sig hafa ágætt vit á bátum eftir að hafa starfað við sjómennsku í áratugi, kvaðst oft hafa skoðað bátinn og hefði hann að mati vitnisins verið „...gjörsamlega ónýtur...“, báturinn verið ónýtt „fúabrak“. Nánar bar vitnið að það hefði bæði farið um borð í bátinn og gengið í kringum hann. Fullyrti vitnið að engin tæki hefðu verið eftir um borð í bátum er það skoðaði hann. Þá lýsti vitnið þeirri skoðun sinni að vél og rafmagn hlyti að hafa verið orðið ónýtt þar sem báturinn hefði, að sögn starfsmanna hafnarinnar, verið um hríð hálfsockinn í höfninni, áður en hann var hífður á uppsátrið.

Fram kom hjá vitninu að hafnarsjóður hefði árið 2002 afskrifað allar skuldir tengdar bátum, um það bil 220.000 krónur.

Þorbjörn Steingrímsson, starfsmaður Eimskips, skýrði svo frá fyrir dómi að í janúar 2001 hefði hann, að ósk yfirmanns síns, Snæbjörns Árnasonar, híft bátinn Ingu Hrönn ÍS-100 upp úr Ísafjarðarhöfn, en báturinn hefði þá verið fullur af sjó og við það að sökkva. Um ástand bátsins bar vitnið að hann hefði verið gjörónýtur enda búinn að vera fullur af sjó svo mánuðum skipti. Þá fullyrti vitnið að engin tæki hefðu verið í bátum, þau hefði öll verið búin að fjarlægja.

Í desember 2003 kvaðst vitnið síðan hafa híft bátinn af uppsátrinu, sem hann var settur á í janúar 2001, og á vagn er síðan flutti bátinn á brennuna á Hauganesi. Þetta hefði hann gert að ósk fyrrgreinds Snæbjörns. Fram kom hjá vitninu að það hefði haft samband við Þórð G. Hilmarsson fyrir hífinguna og Þórður þá ekki gert athugasemdir við að báturinn yrði fjarlægður af geymslsvæðinu. Þórður hefði ekki berum orðum gefið leyfi fyrir töku bátsins heldur sagt sem svo að verið væri að rukka sig um gjöld af bátum og að hann vildi bara losna við hann.

Heiðar Kristinsson, starfsmaður Siglingastofnunar Íslands, bar fyrir dómi að báturinn Inga Hrönn ÍS-100, sem þá hefði borið nafnið Óskasteinn, hefði komið vestur sumarið 1998. Í maí það ár hefði vitnið verið beðið um að framlengja haffærisskírteini bátsins, sem þá hefði verið á Flateyri, fram í september svo sigla mætti bátum til Ísafjarðar í slipp og skoðun. Eftir það hefði vitnið ekki haft afskipti af bátum, sem legið hefði í reiðileysi í höfninni á Ísafirði, hálfsockinn. Bátum hefði í framhaldinu verið dröslað upp á kamb.

Um verðgildi bátsins bar vitnið að viðbúið væri að hann hefði þarfnast mikilla viðgerða miðað við ástand hans 1998 og þann tíma sem hann var í Ísafjarðarhöfn í reiðileysi samkvæmt áðursögðu. Verðgildi svona báta sagði vitnið meira tilfinningalegt en raunverulegt.

Þá gaf einnig skýrslu fyrir dómi vitnið Ólafur Guðmundsson en ekki þykir ástæða til að rekja framburð vitnisins sérstaklega.

#### IV.

Upplýst er í málinu að ákærði var ábyrgðarmaður áramótabrennu á Hauganesi í Skutulsfirði, sem kveikt var í að kvöldi 31. desember 2003. Þá er staðreynd að báturinn Inga Hrönn ÍS-100 var notaður sem efniviður í brennuna.

Samkvæmt heildarlista skoðana fyrir bátinn Ingu Hrönn ÍS-100, skipaskrárnúmer 1220, sem frá Siglingastofnun Íslands stafar, var báturinn smíðaður árið 1972. Smíðaeefni í bol bátsins var fura og eik. Í bátnum var vél af tegundinni Mermaid, árgerð 1986.

Af framlögðu yfirliti má ráða að Hannes Hvanndal Arnórsson og Þórður G. Hilmarsson hafi eignast bátinn í maí árið 2000. Hannes Hvanndal keypti síðan eignarhluta Þórðar á uppboði 8. febrúar 2002, sbr. uppboðsafsal sýslumannsins á Ísafirði frá 29. júlí 2002, og varð við þau kaup eini eigandi bátsins.

Fyrir dómi sagði ákærði það rétt að hann hefði látið færa Ingu Hrönn ÍS-100 á áramótabrennu á Hauganesi í Skutulsfirði í desember 2003. Þá kom fram hjá ákærða að hann hefði talið sig hafa heimild eiganda bátsins, Þórðar G. Hilmarssonar, til að taka og ráðstafa bátnum, sem Þórður hefði sagt ónýtan. Síðar hefði ákærði hins vegar komist að því að Þórður hefði ekki lengur verið eigandi bátsins er hann veitti ákærða heimildina.

Samkvæmt 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 skal hver, sem ónýtir eða skemmir eigur annars manns eða sviptir hann þeim, sæta sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Verður ásetningur að ná til allra þátta í þessari efnislýsingu brotsins, sbr. 18. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði hélt því fram fyrir dómi að báturinn Inga Hrönn ÍS-100 hefði verið í algerri óreiðu og verið ónýtur þegar hann, í kjölfar samtals sem upplýst er að ákærði átti við Þórð G. Hilmarsson, lét færa bátinn á Hauganes þar sem hann var brenndur. Í málinu liggja fyrir samhljóða og afdráttarlausir framburðir vitnanna Guðmundar M. Kristjánssonar, Theódórs Theódórssonar og Þorbjörns Steingrímssonar þess efnis að báturinn hafi verið með öllu ónýtur er hann var færður á Hauganes. Fullyrtu Guðmundur og Þorbjörn jafnframt að engin tæki hefðu verið eftir í bátnum.

Að virtum framburði ákærða og með vísan til álits síðastnefndra þriggja vitna, þess efnis að báturinn hafi verið með öllu ónýtur er hann var brenndur, þykir ósannað að tilgangur ákærða með þeirri háttsemi, sem í ákæru er lýst, hafi beinlínis verið sá að ónýta eða skemma Ingu Hrönn ÍS-100 eða svipta eiganda bátsins honum, ellegar að hann hafi talið nefndar afleiðingar háttseminnar óhjákvæmilegar. Með sömu rökum verður einnig talið ósannað að ákærði hafi álitid yfirgnæfandi líkur á því að af háttsemi hans leiddi að Inga Hrönn ÍS-100 ónýttist eða skemmdist eða eigandi bátsins yrði sviptur honum, en hvað síðastgreinda atriðið varðar verður ennfremur til þess að líta að af framburði þeirra Guðmundar, Theódórs og Þorbjörns, sem og vætti Hannesar Hvanndal Arnórssonar og Þórðar G. Hilmarssonar, má ráða að þegar báturinn var brenndur höfðu eigendur hans lítið sem ekkert hugsað um hann í hartnær þrjú ár og báturinn meðal annars verið látinn liggja án eftirlits í Ísafjarðarhöfn svo mánuðum skipti. Að endingu þykir ákæruvaldinu heldur ekki hafa tekist að færa fyrir því sönnur að ákærði hafi látið sér í léttu rúmi liggja að

fyrirnefndar afleiðingar leiddi af háttsemi hans.

Samkvæmt öllu framangreindu hefur ákærvaldinu ekki tekist að sanna að ákærði hafi haft ásetning til að ónýta eða skemma Ingu Hrönn ÍS-100 eða svipta eiganda bátsins honum. Skal því sýkna hann af öllum kröfum ákærvaldsins í málinu, sbr. 45. og 46. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Samkvæmt úrslitum málsins greiðist allur kostnaður sakarinnar úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Tryggva Guðmundssonar hdl., er hæfilega þykja ákveðin svo sem í dómsorði greinir að virðisaukaskatti meðtöldum.

Dóm þennan kveður upp Kristinn Halldórsson, settur héraðsdómari, en dómsuppkvaðning hefur dregist lítillaga vegna starfsanna dómarans.

## **D Ó M S O R Ð:**

Ákærði, X, skal sýkn af kröfum ákærvalds í málinu.

Allur kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Tryggva Guðmundssonar hdl., 186.750 krónur.

Kristinn Halldórsson